

Víðistaðatún –grillskýli og fleira

Móttakandi: Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar


Sendandi: Þráinn Hauksson

Efni: Efni erindis

Dagsetning: föstudagur, 13. maí 2016

Inngangur

Undirritaður sem höfundur að skipulagi bæjargarðsins á Víðistaðatúni var beðinn um álit á staðsetningu grillskýlis á Víðistaðatúni. Áform um byggingu grillskýlis er hluti af tillögum starfshóps um framtíðarnot Víðistaðatúns. Undirritaður hitti starfshópin á síðasta ári og fór yfir sögu Víðistaðatúns og greindi frá meginhugmyndum hönnuða, en skipulag Víðistaðatúns byggir á samkeppnistillögu frá 1985 og deiliskipulagi sem unnið var í framhaldi af henni. Meginuppbygging garðsins var framkvæmd á nokkrum árum í kringum 1990, þegar lagðir voru stígar, trjábelti ræktuð, grasflatir undirbyggðar og græddar. Grunnhugmyndin var að móta lifandi skrudgarð í suðurvesturhluta svæðisins og að norðurhluti túnsins væri opinn til leikja og fyrir stærri hátíðir.



Upprunalegt deiliskipulag Víðistaðatúns (lítið kaffihús sunnan tennisvalla)

